

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 72/2016

2017/EES/73/07

frá 29. apríl 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/11 frá 5. janúar 2016 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs (¹).
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 L 0011:** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/11 frá 5. janúar 2016 (Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2016/11, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(¹) Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.